

Mál nr. 162/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging.

Heiti váttryggingartaka (X)

### Skaðabótaábyrgð. Húseigandaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 23. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 15. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M, dags. 22. júní 2022 ásamt myndum.
4. Tölvupóstur V, dags. 27. júní 2022

Málsatvik.

M lýsir því í málskoti að tjón hafi orðið á bifreið hennar 25. febrúar 2022 þegar ruslatunnur í eigu X hafi fokið á bifreiðina í vondu veðri. Einnig liggur fyrir upptaka sem sýnir aðstæður á vettvangi.

M telur X bera skaðabótaábyrgð vegna tjónsins og vísar til þess að frágangur ruslatunna hafi verið ófullnægjandi. Þær hafi verið í opnu tunnuskýli þar sem hafi verið laust band við tunnurnar en ekkert ofan á þeim til að varna því að þær fýkju upp og vísar M til ljósmynda máli sínu til stuðnings. Einnig vísar M til þess að tunnurnar hafi verið tómar þar sem X hafi dvalið langdvölum erlendis sl. vetur og þannig meiri hætta á því að þær fýkju. M gerir einnig athugasemdir við að ekki hafi verið gerðar ráðstafanir af hálfu X að setja ruslatunnur í sérstakt skjól á þeim tíma, eins og hún hafi sjálf gert með sínar tunnur, auk þess sem X hafi viðurkennt ábyrgð sína með því að greiða sjálfsábyrgð kaskótryggingar eiganda annarrar bifreiðar sem varð fyrir tjóni með svipuðum hætti.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur tjón rakið til óveðurs sem ekki hafi ráðist við, en ekki til saknæmrar háttsemi X. V bendir á að ruslatunnur hafi einnig fokið hjá M sjálfri, sem búi tveimur húsum frá X. V bendir einnig á að frágangur X hafi verið þannig að band hafi verið strengt yfir ruslatunnur X með svörtu bandi. Einnig vísar V til þess að það sé reynsla félagsins að almennt verði ruslatunnur ekki fyrir svo miklu tjóni og á tjónsdegi og bendi það til mikils veðurofsa sem hafi verið á landinu þennan dag.

Álit.

Í gögnum málsins kemur skýrt fram að ruslatunnur í eigu X fuku á bifreið M hinn 25. febrúar 2022. Á þeim tíma gekk óveður yfir landi og m.v. árstíma verður að gera þær kröfur til húseiganda að þeir gæti að lausum munum, svo sem ruslatunnum, sérstaklega ef þær eru tómar. Þó X hafi verið með sínar tunnur í sérstöku tunnuskýli verður að telja m.v. aðstæður og árstíma að það að setja band við tunnurnar, án þess að gera frekari ráðstafanir til að fergja tunnurnar, hafi falið í sér ófullnægjandi ráðstafanir hjá X sem húseiganda. Ekki hefur verið hrakið að X hafi dvalið erlendis sl. vetur og hvíldi því sú skylda á honum að láta gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr fokhættu á meðan hann gat það ekki sjálfur. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V að því marki að 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eigi ekki við, þ.e. að bifreið M hafi verið váttryggð með munatryggingu á tjónsdegi takmarkast skaðabótaréttur M sem þeim bótum nemur.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V að því marki sem 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 takmarkar ekki þann rétt.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir